

**Aðalfundur Reykjaness, félags smábátæigenda á Suðurnesjum**  
**haldinn 3. október 2019**

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Reykjaness leggur til að sæbjúgnaveiðar verði bannaðar innan 4ra mílna á svæði sem afmarkast af línu sem liggur í norður frá Garðskaga og þaðan í vestur að línu sem liggur vestur frá Stafnesvita.

Greinargerð

Sæbjúgnabátar beita tveimur plógum, gríðarlegur þungi sem veldur mikilli röskun á lífríkinu. Öll fyrirstaða mulin niður. Því hefur verið haldið fram að sæbjúgað sé afar mikilvægt í fæðukeðjunni.

2. Aðalfundur Reykjaness leggur til að óheimilt verði að stunda togveiðar innan 4ra mílna á svæði sem afmarkast af línu vestur úr Sandgerði suður og austur að Grindavík á tímabili frá 15. október til 5. maí.
3. Aðalfundur Reykjaness leggur til að línuívilnun verði aukin og gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 tonn. Verði 30% þegar lína er beitt og stokkuð upp í landi, 20% þegar stokkað er upp og lína yfirfarin.
4. Aðalfundur Reykjaness leggur til að heimilt verði að stunda strandveiðar 48 daga á tímabilinu 1. mars – 1. september án allra svæðaskiptinga.